

Virðisaukaskattsskýrslur

- Breytt fyrirkomulag útsendinga og rafræn skil -

Ríkisskattstjóri kynnir með orðsendingu þessari breytt fyrirkomulag við útsendingu virðisaukaskattsskýrslna samfara breyttri framsetningu skýrsluformsins. Um leið eru skilaskyldir aðilar hvattir til þess að taka upp rafræn skil og nýta það augljósa hagræði og þá viðbótarmöguleika sem sú leið býður upp á.

Útsending á skýrslum

Framvegis verða greiðendum send skýrsluform fyrir fleiri en eitt tímabil í einu. Þannig eru nú greiðendum send árituð skýrsluform fyrir tímabilin júlí-ágúst (gjald dagi 5. október 2005), september-október (gjald dagi 5. desember 2005) og nóvember-desember (gjald dagi 6. febrúar 2006).

Greiðendum er bent á að varðveita skýrsluformin með tryggilegum hætti þar sem þeir geta ekki fengið nýja áritaða skýrslu glatist áður send skýrsla. Óáritaðar virðisaukaskattsskýrslur má þó áfram nálgast hjá skattstjórum og innheimtumönnum ríkissjóðs, sem eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.

Þrískipt einrit

Í stað þess að vera sjálfkalkerandi þririt verður virðisaukaskattsskýrslan eftirleiðis í einriti sem skiptist í þrjá hluta, eintak skattstjóra, eintak greiðanda og eintak gjaldkera.

Eintak skattstjóra er hin formlega skilaskýrsla sem staðfesta þarf með undirritun. Sé ósamræmi milli eintaks skattstjóra og eintaks greiðanda gildir því eintak skattstjóra.

Eintak greiðanda er afrit hans og á að vera samhljóða eintaki skattstjóra. Þar sem það er ekki lengur sjálfkalkerandi afrit af eintaki skattstjóra er

bent á að ljósrit af eintaki skattstjóra er tryggara afrit.

Á eintak gjaldkera skal færa fjárhæð úr reit **H** á eintaki skattstjóra/greiðanda. Sé um inneignar-eða núllskýrslu að ræða er ekki nauðsynlegt að fylla út eintak gjaldkera. Inneignarskýrslur skal senda beint til skattstjóra.

Rafræn skil

Vakin er athygli á rafrænum skilum á virðisaukaskatti sem og staðgreiðslu en þau eru greiðendum tvímælalaust til mikils hæðarauka.

Auðvelt er að sækja um rafræn skil á slóðinni rsk.is/vefskil en skýrslugerð og -skil fara fram á sama stað.

Ávinningurinn af rafrænum skilum er ótvíræður. Rafræn skil eru opin allan sólarhringinn. Þau spara tíma þar sem hægt er að ganga samtímis frá skýrslu og greiðslu í gegnum tölvu. Réttari skýrslugerð er tryggð þar sem komið er í veg fyrir innra ósamræmi í skýrslunni. Sendur er tölvupóstur til áminningar um gjalddaga ásamt orðsendingum um breytingar og nýmæli. Auðveldara er að hafa yfirsýn því alltaf er hægt að nálgast yfirlit yfir fyrri skil, stöðu þeirra á hverjum tíma og afrit af móttökuvittunum. Auk þess að draga úr kostnaði eru rafræn skil umhverfisvæn þar sem þau draga úr pappírnotkun. Á næstunni er að vænta ýmis konar viðbótarþjónustu sem eingöngu verður aðgengileg á vefnum.

Svör við helstu tæknilegum spurningum varðandi rafræn skil má finna á slóðinni rsk.is/vefskil. Á gjalddögum er sérstök símavakt í síma 563 1111. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á tölvupóstfangið vefskil@rsk.is

Nánari upplýsingar veita þjónustusvið ríkisskattstjóra í síma 563-1100 og skattstjórar um land allt.

ÞJÓNUSTUSVIÐ RÍKISSKATTSTJÓRA